



*Hafsteinn
Sigurbjörnsson*

*Fæddur 5. október 1931
Dáinn 29. desember 2023*



*Útför frá Akraneskirkerju
föstudaginn 12. janúar 2024*

Tónlist fyrir athöfn

Forspil

Air úr svítu nr. 3

J. S. Bach

Bæn

Heyr, himna smiður,
hvers skáldið biður,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,
að græðir mig,
minnst, mildingur, mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú, röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hölds hverri sorg
úr hjartaborg.

Gæt, mildingur, mín,
mest þurfum þín
helzt hverja stund
á hölda grund.
Set, meyjjar mögur,
máls efni fögur,
öll er hjálp af þér,
í hjarta mér.

*Porkell Sigurbjörnsson -
Kolbeinn Tumason*

Ritningarorð

Heyr mína bæn, mildasti blær.
Berðu kveðju mína' yfir höf.
Syngdu honum saknaðarljóð.
Vanga hans blítt vermir þú sól
vörum mjúkum, kysstu hans brá.
Ástarorð hvísla mér frá.


Heyr mína bæn, bára við strönd.
Blítt þú vaggar honum við barm,
þar til svefninn sígur á brá.
Draumheimi í dveljum við þá
daga langa saman tvö ein.
Heyr mína bænir og þrár.



Syngið þið fuglar ykkar fegursta ljóðaval
flytjið honum í indælum óði ástarljóð mitt.

Syngið þið fuglar ykkar fegursta ljóðaval
flytjið honum í indælum óði ástarljóð mitt.

Heyr mína bæn, bára við strönd.
Blítt þú vaggar honum við barm,
þar til svefninn sígur á brá.
Draumheimi í dveljum við þá
daga langa saman tvö ein.
Heyr mínar bænir og þrár.

Erlent lag - Ólafur Gaukur Þórhallsson





Vísur eftir Hafstein

*Á tindinn Geirmund geng ég enn
gráhærður, gamall og lúinn.
Og grobba af því við gamla menn
þó geta til kvenna sé búin.
(í fjallgöngu eftir krabbameinsmeðferð í blöðruhálskirtli)*

*Gláp á skjái glepur börn
glatast svefn og þróttur.
En ein er til þó einföld vörn
að eig'ekki son eða dóttur.*

*Undir sannleika er erfitt að sitja
og skammirnar upp á sig vita.
Því allt sem þeir röfla og rita
er andskotans óþrifa skita!
(ósáttur við þingmenn á Alþingi)*

*Er Hörður, Gísli og hinir tveir
höfðu skoðað gæjann,
þá heyrðist í lokin að þuldu þeir:
„Það verður bara að slægj'ann!“
(ort eftir skoðun lækna fyrir hjartaaðgerð)*

*Allan langan aldur minn
á Skaga hef nú alið.
Og á gamals aldri finn
að það var besta valið.*

*Í átökum ávallt sigur hlýtur;
Annar er dökkur en hinn er hvítur;
Sel og lax í sundur bítur;
Sverar greinar og skarir brýtur.*
(nafnagáta 1)

*Algengt gamalt íslenskt nafn
af ungu dýri dregið.
Á stytta stendur fremst við stafn
er stefnir að landi fleygið.*
(nafnagáta 2)

*Einkar vel til nafsins lýsir
er dansa í hafí Ránar dísir.
Því dóttir Njarðar nafnið er
en næturúðinn það seinna ber.*
(nafnagáta 3)

*Flýgur hæst af fuglum hér
fer um loftin hljóður.
Fái hann Þór í för með sér
finnur þú nafnið góður.*
(nafnagáta 4)

*Harður kjarni er hylur sjór;
Hendist til á fjörum;
Ógnarsmár og ægistór;
Ankeri oft á förum.*
(nafnagáta 5)

**Mörgum í fjarlægð tamt er að týna
tengsl og tryggð við vini sína.
En þú ert einstök við ættmenn þína;
yndislega Sigga Nína.**

(ort til Sigríðar Jónínu Ólafsdóttur frænku sem lengi bjó í Ástralíu)

**Án ykkar væri allt svo autt;
Augun rauð og nefið blautt;
Andi, kjarkur og aflíð dauutt;
Allt hjá mér svo tóm og snautt.**

(ort á jólakort 2012 til barnanna eftir lát Láru)

**Það tekur að jafnaði tvö, þrjú ár
tregann í söknuði að temja.
Því aldrei að fullnustu gróa þau sár
er dauði ástvina fremja.**

**Enginn temur tímans vald
tekst því oft að gleyma,
að dauði hér er aðeins tjald
á milli tveggja heima.**

**Hér er genginn góður drengur
sem gat ei barist öllu lengur.
Og því er brostinn bræðra strengur
sem báðum var svo mikill fengur.**

(ort við lát Rafns hálfbróður)

Nafngáta 1 – lausn; Sigrúðinn
Nafngáta 2 – lausn; Ingólfrur
Nafngáta 3 – lausn; Hafðis Dögg
Nafngáta 4 – lausn; Arnþór
Nafngáta 5 – lausn; Hafsteinn

*Tveim drengjum góðum glatað hef
Guð, hvers á ég að gjalda?
Er eitthvað sem ég ekki gef
sem örlögum þessum valda?*

(ort eftir að Ingólfur missti son og sonarson)


*Æskunni aflið er erfiður skóli;
Ofdirfskan heillar, ei aðgát né hik;
Örlagavefur var ofinn á hjóli;
við andvaraleysi eitt augnablik.*

(ort eftir mótörhjólalys Benna Kalla)

*Í fegurð er ákall um að þú vitir
að fegurð er sköpun um sérstæð verk.
Því fegurð er fleira en form og litir;
Fegurð er tilfinning stór og sterk*

*Oft í anda ég áður sá,
illan vanda að komast hjá,
mátt í höndum hafði þá,
og hugrekk'til að komast frá.*

*Ver hollur í öllu sem heidarlegt er
þá hamingju hlýtur þú mesta.
Og hverju sem örlögin ánafna þér
þú alltaf skalt gera þitt besta.*





Ritningarorð

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt
hverju orði fylgir þögn
og þögnin hverfur alltof fljótt.

Lítu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísunum að.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt
aldrei nær að græða grund.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund
því fegurðin í henni býr.

Bragi Valdimar Skúlason

Guðspjall

Einsöngur

Minn bátur

Björn Eidsvåg - Halldór Hallgrímsson

Minningarorð

Heyr mína bæn, ó, Herra, á himni og jörð.
Heyr mína bæn.
Gef mér þann frið sem fæst í sannri trú,
hér og nú.
Tak burt þann efa sem alltaf þjáir mig
svo ég í frelsi nái að finna þig.

Heyr mína bæn, ó, Herra, á himni og jörð.
Heyr mína bæn.
Gef mér þann kraft sem kærleiksmáttur er,
þá kvölin fer.
Tak burt þá bölvun sem hefur reynst svo snauð
að binda líf sitt við efnislegan auð.

Heyr mína bæn, ó, Herra, á himni og jörð.
Heyr mína bæn.
Hugga þú alla sem hryggir eru nú,
þann mátt átt þú.
Varðveittu alla vini mína hér
sem verið hafa á lífsins leið með mér.

C. H. Purday - Hafsteinn Sigurbjörnsson

Bæn / Faðir vor

Húmar að kveldi, hljóðnar dagsins ys,
hnígur að ægi gullið röðulblys.
Vanga minn strýkur blærinn blíðri hönd,
og báran kveður vögguljóð við fjarðarströnd.

Ég er þreyttur, ég er þreyttur,
og ég þrái svefnisins fró.
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

Syngdu mig inn í svefninn ljúfi blær.
Sorgmæddu hjarta er hvíldin jafnan vær.
Draumgyðja ljúfa, ljá mér vinarhönd,
og leið mig um þín töfragléstu friðarlönd.

Ég er þreyttur, ég er þreyttur,
og ég þrái svefnisins fró.
Kom, draumanótt, með fangið fullt af friði og ró.

S. C. Foster - Jón frá Ljárskógum

Moldun

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á slétri grund
fagurt með frjövgun hreina
fyrst um dags morgunstud,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannglegt endar skjótt.

Ég lífi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg deyr,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Ísland er land þitt
Magnús Þór Sigmundsson

Prestur: sr. Þóra Björg Sigurðardóttir

Organisti: Erla Rut Káradóttir

Söngur: Kammerkór Akraneskirkyju

Einsöngur og gítar: Halldór Benjamín Hallgrímsson

Bassi: Ingþór Bergmann Þórhallsson

Útfararþjónusta Akraneskirkyju

Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness

***Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í
Safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni***